

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Sent í samráðsgátt

Reykjavík 9. október 2020

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, mál nr. 202/2020

Icelandic Startups (hér eftir „IS“) tekur undir þau sjónarmið sem lögð eru til grundvallar frumvarpinu. Umhverfi frumkvöðla á Íslandi hefur gjörbreyst á undanförunum árum og stuðningur við frumkvöðla stóraukist. Frá árinu 2012 hefur stöðug aukning orðið á fjölda viðburða, keppna, hraðla og frumkvöðlasetra. Fjármögnunarumhverfi sprota hefur gjörbreyst með auknu framlagi í Tækniþróunarsjóð, styrkjum á vegum einkaaðila og tilkomu nýrra vísisjóða. Innan háskólanna er enn fremur að finna námskeið og námsleiðir á meistarastigi sérstaklega tileinkaðar nýsköpun og frumkvöðlastarfi. Vaxandi árangur íslenskra sprotafyrirtækja hefur jafnframt vakið áhuga fjölmiðla sem leitt hefur af sér aukna umfjöllun um nýsköpun og dregið fram mikilvægar fyrirmyndir hugverkageirans.

Á Íslandi hefur undanfarinn áratug orðið til öflugt frumkvöðlasamfélag. Einstaklingar sem náð hafa gríðarlegum árangri með nýsköpunarverkefni sín á alþjóðavísu miðla ráðum og reynslu áfram til þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref. Sú leiðsögn er þungamiðjan í þeirri verðmætasköpun sem á sér stað í frumkvöðlaumhverfinu og sá vettvangur sem við teljum einna mikilvægast að hlúa að og efla enn frekar.

IS fagnar auknu samstarfi á milli ráðuneyta nýsköpunar og menntamála sem er til þess fallið að bæta yfirsýn, einfalda boðleiðir og kalla fram skilvirkari ákvarðanatöku um málefni sem snúa að nýsköpun og frumkvöðlastarfi innan skólakerfisins.

IS fagnar einnig aukinni áherslu á stuðning við landsbyggðirnar. Undanfarin ár hefur IS orðið vart við töluvert aukinn áhuga sveitarfélaga víðs vegar um landið á samstarfi um stuðning við nýsköpun og frumkvöðlastarf. Með skipulögðum og hagkvæmum hætti má jafnframt veita frumkvöðlum óháð búsetu aðgang að þeim stuðningi sem til staðar er á höfuðborgarsvæðinu, svo sem viðburðum, keppnum, hröðlum o.þ.h.

IS hefur meðal annars staðið fyrir frumkvöðlakeppninni Gullegginu frá árinu 2008. Gulleggið er hannað til að styðja við frumkvöðla sem eru að stíga sín allra fyrstu skref. Samstarfsskólar keppinnar eru sex talsins og býðst nemendum þeirra að taka þátt sér að kostnaðarlausu (HÍ, HR, LHÍ, HA, Bifröst, VÍ) Þau fríðindi gilda fyrir nemendum skólanna í allt að fimm ár eftir útskrift. Öðrum frumkvöðlum og hugmyndasmiðum býðst að taka þátt í keppninni gegn vægu gjaldi. Einnig er hægt að taka þátt án hugmyndar og freista þess að verða partur af öðru teymi. Hátt í



4.000 hugmyndir hafa ratað í keppnina frá upphafi sem fer nú fram alfarið á netinu og getur þannig nýst landsmönnum öllum óháð búsetu.

IS hefur átt afar farsælt samstarf við starfsfólk Nýsköpunarmiðstöðvar sem sinnt hefur verkefnum sínum af miklum metnaði og vonar að þeirra kraftar rati áfram á nýja staði innan nýsköpunarumhverfisins.

IS er einkahlutafélag sem rekið er án hagnaðarsjónarmiða. IS tekur ekki eignarhluti í fyrirtækjum. Félagið er fjármagnað með styrkjum frá atvinnulífinu. Hlutverk IS er að hraða ferlinu frá því að hugmynd kviknar þar til vara er komin á markað með því að veita frumkvöðlum fræðslu og þjálfun og aðgang að breiðu tengslaneti reyndra frumkvöðla, fjárfesta og annarra sérfræðinga.

F.h. Icelandic Startups,
Salóme Guðmundsdóttir
Framkvæmdastjóri